

# Brunatr. skráðra ökutækja

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



Vörður tryggingar

Skilmáli B-9

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavinum um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Mínum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

## HVERNIG TRYGGING ER BRUNATR. SKRÁÐRA ÖKUTÆKJA?

Brunatrygging ökutækja bætir tjón sem verður á ökutæki vegna eldsvoða. Iðgjald tryggingarinnar er reiknað sem hlutfall af verðmæti ökutækisins. Tryggingin hentar ökutækjum sem eru í geymslu eða án númera.



### HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN?

- ✓ Tjón vegna eldsvoða, eldinga, eða sprenginga sem stafa af eldsvoða. Nær einnig til skemmda sem verða samtímis á varahlutum og fylgihlutum ökutækis sem teljast mega tilheyra eðlilegum útbúnaði.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



### HVAÐ BÆTIR TRYGGINGIN EKKI?

- ✗ Tjón á hreyfli vegna sprenginga í strokkum
- ✗ Tjón á aukaútbúnaði ökutækis, t.d. tengivögnum, GPS-tækjum, vörulyftum og krönum vörubifreiða, lausum toppgrindum og farangurskössum, nema um annað sé samið.

Vinsamlegast athugið að upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar er að finna í skilmála tryggingarinnar.



## ERU EINHVERJAR TAKMARKANIR EÐA VARÚÐARREGLUR?

- Vátryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- Ökutækinu skal tryggilega læst þegar farið er frá því og rúðum og sóllúgu lokað. Lyklar að ökutækinu skulu geymdir á ábyggilegum stað þar sem óviðkomandi eiga ekki greiðan aðgang.
- Eigandi ökutækis skal ekki vera undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja og skal vera í líkamlegu ástandi til að stjórna ökutækinu.
- Eigandi skal hafa hæfni til að stjórna ökutækinu og hafa til þess tilskilin réttindi.
- Eigandi og sá sem hefur ökutæki undir höndum skal sjá til þess að það sé í lögmæltu ástandi.



## HVAR GILDIR TRYGGINGIN?

Tryggingin gildir aðeins fyrir það ökutæki sem tilgreint er á vátryggingarskírteini.



## HVERJAR ERU SKYLDUR ÞESS TRYGGÐA?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



## HVENÆR OG HVERNIG ER GREITT FYRIR TRYGGINGUNA?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



## HVENÆR HEFST VÁTRYGGINGARVERNDIN OG HVENÆR LÝKUR HENNI?

Vátryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



## HVERNIG ER TRYGGINGUNNI SAGT UPP?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu.